



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Eru smápörungar og stórpörungar framtíðin?

Viltu tengjast aðilum í rannsóknum, eldi og vinnslu þörunga frá Maine?

Miðvikudaginn 12. desember 2018

verður Dr. Ira Levine, forseti Algae Foundation og prófessor við University of Southern Maine með kynningu á þörungum og þörungaræktun.

Eitt af markmiðum heimsóknar Dr. Ira Levine til Íslands er að koma á tengslum milli aðila í þörungarræktun í Maine og Íslandi.

Algae Foundation býður upp á frítt kennsluefni sem hann mun kynna sem og miðla af reynslu sinni. Haldnir verða tveir fyrirlestrar, annar með áherslu á stórpörunga og hinn á smápörunga.



Stórpörungar - staður og tími:

12. des. kl. 10 hjá Hafrannsóknastofnun, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, fundarsalur á 1. hæð
sérstaklega verður fjallað um ræktun stórpörunga í tengslum við annað eldi.

Smápörungar - staður og tími:

12. des. kl. 14 hjá Matis, Vínlandsleið 12, 113 Reykjavík, fundarsalur á 3. hæð
fjallað verður um eldi smápörunga og tækifæri í framleiðslu verðmætra efna.

Nánar:

Dr. Levine hefur unnið í 33 ár við hagnýtar- og grunnrannsóknir í sameindalíffræði, lífeðlisfræði, vistfræði og ræktun þörunga, eldisstýringu og uppbyggingu eldis.

Hann hefur m.a. komið að ræktun í sjó og vötnum í Kanada, Kína, Indónesíu, Japan, Malasíu, Filippseyjum og Bandaríkjunum. Á síðustu árum hefur hann lagt áherslu á ræktun þörunga til framleiðslu fódurbætis fyrir eldi, fæðubótaefni, sérhæfð efni og lífeldsneyti.

Dr. Levine er forseti Algae Foundation, sem hefur þróað námsefni til að styðja við menntun tæknifólks og sérfræðinga innan þörungageirans. Meðal þess er gjaldfrjálst námsefni á netinu, Algal MOOC:

<https://www.coursera.org/learn/algae>

